

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála (207. mál)

Þann 24. október sl. leitaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn embættis umboðsmanns skuldara um ofangreint þingmál.

Í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010 (lge.), er kærunefnd greiðsluaðlögunarmála ekki markaður ákveðinn tímarammi við afgreiðslu kæru, þegar ákvörðun um synjun umsóknar um greiðsluaðlögun er kærð, sbr. 7. gr. lge. Hið sama á við um kæru vegna ákvörðunar umboðsmanns skuldara um niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana skv. 15. gr. og kæru vegna ákvörðunar um kröfu um breytingu á greiðsluaðlögunarsamningi skv. 26. gr. lge. Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, skal úrskurðarnefndin kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál. Embættið fagnar þessari lagabreytingu, þar sem úrskurðir geta haft verulega þýðingu fyrir málsaðila, hvort sem um er að ræða skuldara eða lánardrottna. Gagnvart þeim meginþorra mála sem borist hafa kærunefnd greiðsluaðlögunarmála, skipta úrskurðir m.a. miklu máli hvað varðar tímabundna frestun greiðslna (greiðsluskjól). Einstaklingar komust í svokallað greiðsluskjól við móttöku umsókna um greiðsluaðlögun sem bárust fyrir 1. júlí 2011, sbr. bráðabirgðaákvæði lge., en í því felst að lánardrottnum er óheimilt að taka við greiðslum á kröfum sínum. Afgreiðsla á kærum vegna synjunar á umsóknum þessara einstaklinga hefur mikla þýðingu bæði fyrir skuldara og lánardrottna, þar sem greiðsluskjólið framlengist þar til niðurstæða kærunefndar liggur fyrir. Þetta leiðir til biðstöðu sem skaðar báða aðila. Hið sama á við um mál sem eru í kærufærlu vegna 15. gr. lge. Þeir einstaklingar sem sóttu um eftir 1. júlí 2011 komast ekki í greiðsluskjól fyrr en við samþykkt umsóknar. Það kann því jafnframt að hafa verulega þýðingu fyrir einstaklinga, að kærur vegna synjunar á umsóknum sem bárust eftir framangreint tímamark, fái skjóta málsmeðferð, einkum ef bryn þörf er fyrir að hefja greiðsluaðlögunarumleitunir. Langur tími í málsmeðferð getur leitt til enn meiri greiðsluerfiðleika viðkomandi einstaklinga.

Líkt og greint er frá í athugasemdum með frumvarpinu þá biðu 318 mál úrskurðar þann 1. janúar 2014 hjá kærunefnd greiðsluaðlögunarmála. Í upphafi þessa mánaðar, þann 1. nóvember sl., biðu 275 mál afgreiðslu hjá kærunefndinni. Tiltekinn fjöldi þeirra mála er frá árinu 2012 og því hefur málsmeðferðartími kærunefndarinnar verið allt að tvö ár. Kærunefnd greiðsluaðlögunarmála hefur þó afgreitt mun hraðar mál á þessu ári, heldur en hin fyrri ár, enda komin mikil reynsla á afgreiðslu mála innan nefndarinnar. Kærunefndin afgreiddi 15 mál árið 2011, 16 mál árið 2012, 84 mál árið 2013 en hefur afgreitt 131 mál það sem af er þessu ári. Líkt og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu þá hefur kærunefndin ekki getað annað hinum gríðarlega málafjölda með eðlilegum málshraða, þar sem nefndin hefur verið of faliðuð. Sem dæmi má nefna að á árinu 2012 bárust nefndinni 215 kærur, sem er í takt við mikinn fjölda umsókna um greiðsluaðlögun. Embættið er

sammála þeim athugasemdum með frumvarpinu, að það gangi ekki upp, þegar mála fjöldi er mikill að skipa nefndir fulltrúum sem hafa nefndarstörfin að aukastarfi. Sú breyting sem lögð er til, að hafa ákveðna nefndarmenn í fullu starfi, er mjög til bóta.

Í 7. gr. frumvarpsins er hins vegar veitt undantekning frá þriggja mánaða málsmeðferðartíma. Nánar tiltekið má víkja frá tímamörkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og skal kærandi eða álitsbeiðandi þá upplýstur um ástæður tafar og hvenær vænta má úrskurðar. Í greinargerð með ákvæðinu er vísað til þess að sérstakar ástæður gætu t.d. verið vegna tafa við gagnaöflun eða öflun umsagna eða vegna umfangs máls eða mikils mála fjölda. Embættið telur að þessi tilgreining sé of almenn og mætti því þrengja og skýra betur skilgreininguna á sérstökum ástæðum. Í ljósi þessarar undantekningarheimildar, hefur embættið áhyggjur af því að hinn mikli fjöldi greiðsluaðlögunarmála sem bíður úrskurðar hjá núverandi kærunefnd, fái ekki hraða málsmeðferð hjá hinni nýju úrskurðarnefnd velferðarmála. Embættið vill þó vekja athygli á að það hefur ekki upplýsingar um hvaða mál hafa verið tekin til efnismeðferðar hjá núverandi kærunefnd, sbr. ákvæði II. til bráðabirgða um lagaskilin. Kærunefnd greiðsluaðlögunarmála mun því væntanlega ljúka einhverjum fjölda mála. Embættið vill samt varpa því fram hvort tilefni sé til að núverandi kærunefnd klári öll þau mál sem henni hafa borist við gildistöku laganna, til að koma hugsanlega í veg fyrir að málsmeðferðartími lengist enn frekar.

Að lokum vill embættið vekja athygli á að hjá kærunefnd greiðsluaðlögunarmála, er komin mikil og góð reynsla á mjög flóknum mála flokki og lagaumhverfi. Embættið hefur áhyggjur af því hvernig sú þekking mun skila sér inn í nýja úrskurðarnefnd, þar sem eingöngu starfsmönnum ráðuneytisins sem hafa haft störf fyrir úrskurðar- og kærunefndir að aðalstarfi, skal boðið starf hjá úrskurðarnefndinni. Sérfræðiþekking á greiðsluaðlögunarmálum er nauðsynleg til þess að málshraði úrskurðarnefndarinnar verði sem stýstur.

Virðingarfyllst,

Ásta S. Helgadóttir
Umboðsmaður skuldara